

## 22. Frumvarp

til laga um verðtoll á nokkrum vörutegundum.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

### 1. gr.

Hver, sem fær frá útlöndum vörur þær, er ræðir um í 1. gr. 3., 6. og 7. lið laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, er skyldur til að sýna hlutað-eigandi lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, eins fljótt og verða má, reikning yfir innkaupsverð varanna kominna um borð í skip, er flytja á vöruna hingað til lands. Hina sýndu reikninga skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans stimpla, með þeim merkjum og á þann hátt, er umræðir í lögum nr. 75, 27. júní 1921, þannig, að reikningar um vörur samkv. 3. lið stimplast með 1% af verðinu, reikningar um vörur samkv. 6. lið með 3% og reikningar samkv. 7. lið með 2%. — Verði ágreiningur um flokkunina, fellir fjármálaráðuneytið um það fullnaðarúrskurð.

### 2. gr.

Nú fylgir eigi reikningur vöru eða kemur eigi í hendur kaupanda eða umboðsmanns hans innan hæfilegs tíma, er innheimtumaður tiltekur, og er þá kaupandi eða umboðsmaður hans skyldur til að afhenda lögreglustjóra þeim, er í hlut á, eða umboðsmanni hans, yfirlýsingu um að hann hafi engan reikning meðtekið, og hvað hann áliti að varan muni hafa kostað í innkaupi, hvorttveggja að viðlögðum drengskap. Skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans þá stimpla yfirlýsinguna á sama hátt og innkaupsreikningur væri. Ef um fleiri vörutegundir er að ræða, skal yfirlýsingin vera sundurliðuð.

### 3. gr.

Nú lætur kaupandi eða umboðsmaður hans farast fyrir að sýna til stimplunar reikning eða yfirlýsingu og getur lögreglustjóri þá þvingað hann til þess með dagsektum alt að 100 kr. fyrir dag hvern og má tiltaka sektina í brjefi eða simskeyti. Sektum þessum má þó eigi beita nema að undangenginni aðvörun með viku fyrirvara.

### 4. gr.

Nú sýnir kaupandi eða umboðsmaður hans til stimplunar reikning, sem hann veit að eigi sýnir hið rjetta innkaupsverð, eða gefur vísvitandi ranga

yfirlýsingu um verðið, og varðar það refsingu samkvæmt 156. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869. Auk þess gjaldi hann þrefalt það er á vantar, að hann hafi greitt lögboðið stimpilgjald.

5. gr.

Ef lögreglustjóra eða umboðsmanni hans leikur grunur á, að viljandi eða óviljandi sje rangt frá skýrt um verð á vöru, er honum rjett og skylt að rannsaka málið og fresta stimplun þar til þeirri rannsókn er lokið.

6. gr.

Lögreglustjórar og umboðsmenn þeirra eru skyldir til að hafa eins nákvæmt eftirlit með því og föng eru á, að móttakendur vara gæti skyldna þeirra, sem ræðir um í lögum þessum, sjerstaklega með því að bera, eftir því sem við verður komið, hina afhentu reikninga og yfirlýsingar saman við farmskrár þær, er þeir heimta vörutoll eftir.

7. gr.

Sjeu vörur þær, er lög þessi ræða um, sendar til landsins í pósti, ska greiða gjaldið samkvæmt lögum þessum til pósthúss þess, er afhendir vöruna kaupanda og skal gjaldið greiðast um leið og varan er afhent. Gjaldið greiðist með frimerkjum, sem pósthjónn stimplar og limir á fylgibrjef eða umbúðir vöru. Andvirði slíkra frimerkja telst með pósttekjum.

Af vörum sem póstkrafa hvilir á, telst gjaldið af fjárhæð póströfunnar. Ef reikningur fylgir vöru, er viðtakandi skyldur að sýna hann og telst þá gjaldið eftir fjárhæð hans, en ef enginn reikningur fylgir, skal viðtakandi gefa út samskonar yfirlýsingu og þá, er ræðir um í 2. gr. og reiknast gjaldið samkvæmt henni.

Um viðurlög við röngum reikningum eða yfirlýsingum fer eftir 4. gr.

8. gr.

Um reikningsskil lögreglustjóra fyrir stimpilgjaldi því, er ræðir um í lögum þessum, fer sem um annað stimpilgjald. Fjármálaráðherra getur sett nánari reglur þar að lútandi.

9. gr.

Sektir allar eftir lögum þessum renna í rikissjóð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

A t h u g a s e m d i r .

Hvort sem tollar eru miðaðir við verð vöru eða þunga, má telja bæði kost og löst á aðferðinni. Hvor tolltegund á mismunandi vel við hinar ýmsu vörutegundir og trúlegt þykir að sameining á verð- og þungatolli eigi best við

suma vörflokka, enda bendir reynslan frá aðflutningsgjaldinu á, að notkun verðtolls sje engin frágangssök hjér á landi.

Frumvarpið fer fram á verðtoll jafnframt þungatollinum á vörum þeim, er teljast til 3., 6. og 7. vörutollsflokks. Þó ástæða væri til þess, bæði að hafa hundraðsgjaldið verulega hærra, og þá að flokka vörunar meira en hjér er gert, er þó ekki farið fram á slíkt í frumvarpinu, þegar af þeirri ástæðu, að frumvarp um nokkuð háan toll á ákveðnum vörutegundum gæti, þar sem það verður að liggja fyrir töluverðan tíma áður það getur komið til meðferðar þingsins, haft þær afleiðingar, að mikið yrði flutt inn um þörf fram af þeim vörutegundum. Sama máli er að gegna, nema fremur sje, ef nota á verðtollinn sem verndartoll fyrir innlenda framleiðslu á ákveðnum vörum. Stjórninni hefir borist erindi frá Búnaðarfélagi Íslands um verndartoll á búsafurðum, og verður erindi þetta lagt fyrir hlutaðeigandi þingnefnd. Afurðir þær, sem þar er farið fram á að njóti verndartolls, teljast allar til 7. vörflokks, nema jarðepli. Í meðförum frumvarpsins á alþingi er það auðveldur hlutur að breyta til um hundraðsgjald og að taka ákveðnar vörutegundir út úr hverjum flokki, til þess að leggja þær undir hærta eða lægra gjald.

Samkvæmt verslunarskýrslunum fyrir 1919 nam verðmæti innfluttrar vöru í 3. flokki vörutolls ca. 9700000 kr.

- 6. — — —	150000 —
- 7. — — —	12800000 —

Þó nú gert sje ráð fyrir, að lækka megi þessar tölur að jafnaði um þriðjung, sökum lægra verðs og minni innflutnings, mundi þó hver ein prósentu í verðtoll muna af 3. flokki ca. 65000 kr.

— 6. — — —	1000 —
— 7. — — —	85000 —

Hinar einstöku greinar frumvarpsins eru sniðnar eftir tilsvarendi ákvæðum um aðflutningsgjaldið og virðast ekki þurfa frekari skýringar við.